

From: Guðjón Sigurbjartsson [mailto:guðjon@tanni.is]

Sent: 13. september 2015 00:59

To: 'Gunnar Einarsson'; armann@kopavogur.is; Haraldur Líndal Haraldsson; haraldur@mos.is; asta@arborg.is; aldís@hveragerdi.is; robert@grindavik.is; kjartan.m.kjartansson@reykjanesbaer.is; magnusstefansson@svgardur.is

Cc: formadurhh@samband.is; karl.bjornsson@samband.is; Egill Jóhannsson

Subject: Staðsetning nýja Landspítalans

Sent til Sambands sveitarfélaga og bæjarstjóra í nágrennabæjum Reykjavíkur

Ágætu sveitastjórnarmenn og bæjarstjórar!

Meðf. eru niðurstöður skoðanakannanna sem MMR gerði nýlega fyrir Samtök um betri spítala á betri stað, varðandi staðsetningu nýja Landspítalans.

Sjá einnig fréttir um málið <http://www.visir.is/meirihluti-thattakenda-vildi-ekki-nyjan-landspitala-vid-hringbraut/article/2015150919596> og <http://ruv.is/frett/sigmundur-vill-nyjan-spitala-fra-grunni>

Í seinni könnunin, þar sem fólk var beðið að velja á milli tveggja efstu kostanna úr fyrri könnuninni, völdu 59% Vífilstaðaland en 41% Hringbraut. Ef fólk væri beðið að velja milli t.d. Hringbrautar og Fossvogs myndu væntanlega fleiri velja Fossvog osfrv. Því fólk sér vandamálin við Hringbraut.

Það sem þarf að gerast er að Alþingi beiti sér fyrir því að gert verði nýtt faglegt staðarval því þau gömlu eru úrelt vegna þenslu í miðbænum o.fl.. Staðarvalið myndi skýra kosti og galla helstu mögulegu staðsetninga svo sem Fossvogs, Vífilstaða, voga Elliðaáanna (öðru hvoru megin) og e.t.v. Keldnalsands auk Hringbrautar. Í framhaldinu ætti svo Alþingi að velja staðinn eða láta fara fram kosningu milli bestu staðanna.

Eðlilega vill Reykjavíkurborg halda í spítalann og hefur ekki ljáð máls á að málið verði tekið upp, en borgin á ekki að ráða þessu enda er þetta ekki á forræði borgarinnar.

Þið ágætu sveitastjórnarmenn og bæjarstjórar í nágrenni Reykjavíkur ættuð því, með fullri virðingu, að velja fyrir ykkur hvort þið ættuð ekki að beita ykkur fyrir því, e.t.v. sameiginlega, að málið verði opnað og að fram fari nýtt staðarval. Staðan í þinginu hvað þetta varðar er trúlega þannig að afstaða fólks til málsins skiptir máli og að hún komi fram.

Það er nánast öllum í hag að fá betri spítala á betri stað, fyrr og fyrir minna fé, en ekki síst þeim notendum spítalans sem búa í austurhverfum borgarinnar og einnig þeim sem koma inn til borgarinnar eftir Vesturlandsvegi, Suðurlandsvegi og Reykjanesbraut.

P.s. Skýrsla KPMG fyrir NLSH ohf. sem kom út í lok ágúst, með þá megin niðurstöðu að hagfelldast sé að spítalinn risi við Hringbraut, stenst ekki skoðun. Niðurstaðan er kolröng enda lagt upp með rangar forsendur. Enda setur KPMG mikla fyrirvara varðandi niðurstöuna. Það er að sjálfsögðu mjög hagkvæmt að reysa nýjan spítala frá grunni á nýju og betri stað eins og samtökin Betri spítali hafa sýnt fram á.

Nánari upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

Guðjón Sigurbjartsson

Samtök um Betri spítala á betri stað.

<https://www.facebook.com/betrilandspitaliabetristad>

www.betrispitali.is

S: 895 2485 / 895 2485